

Vinnureglur um val á mótssstað Landsmóta UMFÍ

Í seinni tíð hafa kröfur um betri aðstöðu aukist hjá keppendum enda eru oft á meðal keppanda, bestu íþróttamenn landsins. Til að geta haldið Landsmót þarf að uppfylla lágmarkskröfur.

Mótshaldari og samfélagið

Keppendur geta orðið allt að 2.000 talsins og gestir mótsins um 15.000. Mótshaldari þarf að sýna fram á að hann hafi styrk og bakland til að framkvæma mótið. Mótshaldari þarf einnig að gera grein fyrir almennri þjónustu í samfélaginu, svo sem heilbrigðisþjónustu, löggæslu, veitingasölu og gistiþjónustu.

Aðkoma og stuðningur sveitarfélagsins þarf að liggja fyrir með umsókn um mótið.

Tjaldsvæði og gisting

Mótshaldari skal leggja til tjaldsvæði fyrir keppendur og mótsgesti sem næst aðalmótssvæðinu. Tjaldsvæðið skal vera með aðgengi að rafmagni og hreinlætisaðstöðu Stærð tjaldsvæðis fer eftir staðsetning mótsins hverju sinni. Skólastofur eða sambærilegt húsnæði fyrir gistingu keppnishópa

Keppnisgreinar & keppnissvæði

Samkvæmt reglugerð um Landsmót UMFÍ skal keppt í frjálsíþróttum, glímu, starfsíþróttum og sundi. Mótshaldari ákveður aðrar greinar með samþykki stjórnar UMFÍ.

Umsækjandi þarf að tilnefna keppnisgreinar og keppnisaðstöðu í umsókn sinni. Skoða þarf dreifingu á keppnissvæðum og taka afstöðu í þeim málum. Keppnissvæði skulu ekki vera í meira en ca. 30 km. frá aðalkeppnissvæði.

Lámarsaðstaða og keppnisreglur skulu vera samkvæmt reglugerðum viðkomandi sérsambanda. Í starfsíþróttum skal fara eftir reglugerð starfsíþróttaráðs UMFÍ:

1. Badminton: Íþróttahús eða salur
2. Blak: Íþróttahús þar sem komast fyrir 4 blakvellir
3. Borðtennis: Íþróttahús eða salur
4. Bridds: Salur
5. Fimleikar: Íþróttahús/fimleikahús
6. Frjálsíþróttir: Frjálsíþróttavöllur með gerviefni
7. Glíma: Íþróttahús
8. Golf: A.m.k. 9 holu golfvöllur
9. Handknattleikur: Íþróttahús í löglegri stærð
10. Hestaíþróttir: Hestaíþróttavöllur / reiðhöll
11. Íþróttir fatlaðra
12. Jú dó: Salur
13. Knattspyrna: Gras eða gervigrasvellir í minnibolta stærð
14. Körfuknattleikur: Íþróttahús í löglegri stærð eða sambærileg aðstaða
15. Skák: Salur
16. Skotfimi: Skotsvæði og inniaðstaða
17. Starfsíþróttir: Fjölbreytt aðstaða úti og inni
18. Sund: A.m.k. 25 mtr. sundlaug
19. Kraftlyftingar: Íþróttahús eða salur
20. Motocross: Motocrossvæði
21. Taekwondo: Íþróttahús eða salur
22. Dans: Íþróttahús eða salur með parketgólfi
23. Pútt – opin grein: Púttvöllur
24. Boccia – opin grein: Íþróttahús eða salur
25. 10 km. – opin grein

Áhöld og tæki þurfa að vera klár fyrir allar keppnisgreinar.

Sérgreinastjórar og starfsfólk

Við hverja keppnisgrein þarf að vera hæfur sérgreinastjóri sem heldur utan um sína grein. Hann fær með sér annað starfsfólk við framkvæmd greinarinnar.

Samþykkt á 48.sambandsþingi UMFÍ 2013 í Stykkishólmi